

1861.

1861.

4. janúar.

1. Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúss vinnu.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúss vinnu, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: Þegar dæma ætti einhvern eptir lögum þeim, sem nú gilda, í tugthús vinnu 6 ár eður skemur, þá skal í stað þess dæma hann í betrunarhúss vinnu. En þegar dæma ætti einhvern eptir lögum þeim, sem nú gilda, í betrunarhúss vinnu lengri tíma en 6 ár, þá skal í stað þess dæma hann í tugthúss vinnu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

2. Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, um innkallanir í búum.

4. janúar.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Í dánarbúum, uppboðsbúum og protabúum, og í öðrum búum, þar sem innköllun til skuldaheimtumanna á fram að fara, skal slík innköllun eptirleiðis gefin út með 6 mánaða fresti, þegar svo má ætla, eptir því sem ástatt er, að sá, er

1861.
4. janúar. hlut á að máli, hafi ekki staðið í skuldaskiptum annarstaðar en á Íslandi. En þegar þetta þar á móti á sér stað, á innköllunin að fara fram með 12 mánaða fresti.

En þó hlutaðeigandi hafi búið eður átt dvöl annarstaðar en á Íslandi, þá skal það atvik útaf fyrir sig eigi gjöra það að verkum, að hinn síðar nefnda frest skuli við hafa, ef liðið er, áður en hann deyr eður þann atburð ber að höndum, sem gefur tilefni til skipta á búi hans, meir en eitt ár frá þeim tíma, er hann fór þaðan og yfirgaf stöðu þá, er hann þar hafði.

2. gr.

Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. gr. mega fara fram með 6 mánaða fresti, skal birta á Íslandi í blaði því, sem ákveðið er til að birta í almennar auglýsingar. Þar á móti á að birta innkallanir þær, sem gefa skal út með 12 mánaða fresti, þrisvar sinnum í röð í „Berlinga pólitisku og avertissements tíðindum“, auk þess að þær einnig skulu auglýstar á fyr greindan hátt. Frestinn ber að reikna fra seinasta birtingardegi.

3. gr.

Samkvæmt framan greindum ákvörðunum fellur í burtu bæði leyfisbréf, sem áður þurfti í ýmsum tilfellum til að gefa út innkallanir í búum, og eins hin lögboðna þinglýsing innkallana. Ákvörðun Norsku laga 5. bókar 13. kapítula, 27. artíkula er, hvað Ísland snertir, úr lögum numin.

4. gr.

Við skipti á dánarbúum eptir þá menn, sem engin líkindi eru til að eptir lífsstöðu sinni hafi átt í neinum sérstaklegum viðskiptum út af verzlun eður öðru slíku, má sleppa hvers konar innköllun, hvort sem hinn dáni lætur mikið eður lítið eptir sig, ef erfingjar hans, eður þeir, sem búið er í hendur selt, lýsa því yfir, að þeir vilji taka að sér lögmætar skuldir búans, ef einhver skuldakrafa seinna kynni að koma fram.

5. gr.

1861.

4. janúar.

Framan greindar ákvarðanir eiga einnig við þegar ekkja, sem situr í óskiptu búi, vill gefa út innköllun til skuldaheimtumanna manns hennar, eður þegar erfingjar, sem skipta sjálfir sín á milli, vilja gefa út innköllun til skuldaheimtumanna arfleifanda.

6. gr.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. dag júlímánaðar 1861.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

3. Opð bréf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857, um myndugleika kvenna.

4. janúar.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorsktrúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleika kvenna, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. degi júlímánaðar 1861 eru ógiptar konur, þegar þær eru orðnar 18 ára gamlar, myndugar með tilsjónarmanni, og fullmyndugar þegar þær eru orðnar fullra 25 ára að aldri.

2. gr.

Því fê, sem nú er undir stjórn yfirfjárráðenda ómyndugra, og ógiptar konur eiga, sem orðnar eru 18 ára gamlar, mega þær ekki segja upp til útborgunar fyrri, en að 3 árum liðnum frá þeim degi, er þetta lagaboð öðlast lagagildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.